

1. fundur umhverfisnefndar Fljótsdalshrepps, Végarði 10.10. 2022, kl. 13:00

Mætt voru: Halla Auðunardóttir formaður, Sólrún Júlía Hjartardóttir Kjerúlf, Róshildur Ingólfsdóttir, Brynjar Darri Sigurðarson Kjerúlf og Guðni Jónson í gegnum fjarfundarbúnað Teams. Einnig sátu fundinn Helgi Gíslason sveitarstjóri og Páll Baldursson verkefnastjóri úrgangsmála á Austurlandi.

Páll kynnti fyrir nefndarmönnum svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Austurlandi sem mun taka gildi um áramótin. Farið var yfir nokkur verkefni sem liggja fyrir, m.a. þarf að vinna upp drög að samþykktum, fá tölulegar upplýsingar o.fl.

Umræða um núverandi ástand úrgangsmála í Fljótsdal og framtíðarsýn til næstu 12 ára. Allir nefndarmenn voru sammála að það þyrfti að bæta verulega ruslagámasvæðið við Végarð, bjóða þyrfti uppá fleiri flokkunargáma og það væri alveg galið að séu sett dýrahæ í almenna ruslagáminn.

Halda þarf íbúafund og kynna fyrir íbúum svæðisáætlunina sem tekur gildi um áramótin. Fá innsýn frá íbúum hvort þau sjái eða hafi hugmyndir af lausnum og nýtingu á úrgangi sem fellur til á svæðinu. Samþykkt var að halda fund þann 31. október næstkomandi.

Fundi var slitið kl. 15:40

Júlía ritaði fundargerð í tölvu.